

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, á 40 ára
afmælishátíð Endurmenntunar HÍ fimmtudaginn 12. október 2023 kl. 15**

Góðir gestir. Það er mér heiður og ánægja að segja fáein orð hér á þessari glæsilegu hátíðarathöfn.

Afmælisbarnið, Endurmenntun Háskóla Íslands, hefur frá upphafi verið leiðandi í framboði á sí- og endurmenntun á háskólastigi og í raun hvers kyns almenningsfræðslu á Íslandi. Tugþúsundir Íslendinga hafa leitað í þann frjóa og lifandi vettvang sem Endurmenntun hefur skapað á milli Háskóla Íslands og atvinnu-, menningar- og þjóðlífs í landinu í því skyni að efla hæfni sína og þekkingu í lífi og starfi.

Við fögnum merkri sögu Endurmenntunar á þessum stóru tímamótum og fjölbreytilegum árangri á öllum sviðum starfseminnar, árangri sem engin leið er að gera fullnægjandi skil í stuttu ávarpi. Endurmenntun er sú stofnun á sviði símenntunar og almenningsfræðslu sem nýtur mest trausts hjá almenningi á Íslandi.

Hér hefur margt verið sagt um fortíðina og stöðuna í dag en mig langar að líta til framtíðar á þessu stórafmælisári Endurmenntunar. Sagt er að allt sé fertugum fært, og á það einkar vel við í tilviki Endurmenntunar HÍ. Enginn efast um vaxandi mikilvægi sí- og endurmenntunar fyrir háskólamenntað fólk og í raun fyrir alla á tímum þar sem framfarir á sviði tækni og þekkingaröflunar eru svo hraðar að heita má að þörfin fyrir endurmenntun hefjist nánast á sjálfan útskriftardaginn úr háskóla og er ekki ástæðulaust að við tölum í því samhengi um símenntun. Það er skýr vitnisburður um þessa auknu þörf að fyrirtækjum á sviði sí- og endurmenntunar hefur fjölgað mikið á síðustu misserum og keppa þau nú við Endurmenntun HÍ. Á sama tíma hafa tækifæri Íslendinga til að sinna endurmenntun þvert á landamæri aukist með hvers kyns stafrænu námsframboði á vefnum.

Til að mæta þessari vaxandi samkeppni og nýta til fulls þann mikla mannauð og þá miklu þekkingu sem býr í Endurmenntun HÍ, er nauðsynlegt að efla tengsl hennar við aðra starfsemi Háskóla Íslands á öllum sviðum, hvort sem um ræðir einstaka kennara, deildir og fræðasvið eða miðlæga stjórnslu. Í nánnum tengslum Endurmenntunar við Háskóla Íslands felst í senn sérstaða og styrkur hennar, og þar býr tækifæri fyrir Endurmenntun til að auka samkeppnisforskot sitt. Þetta hefur vitaskuld verið stjórnendum Endurmenntunar og Háskóla Íslands ljóst frá fyrsta degi og hefur það verið keppikefli okkar að styrkja þessi tengsl. En þetta er flókið og margþætt verkefni sem kallar á samstillt átak fjölda einstaklinga og eininga innan HÍ. Og það er auðvelt að missa sjónar á þessu flókna verkefni í amstri dagsins þar sem allar einingar eru uppteknar við að sinna sínu og álag á starfsfólk er mikið.

Við þurfum engu að síður að gera stóratak í að efla tengsl Endurmenntunar við aðra starfsemi HÍ. Raunar má segja að þetta átak sé hafið og ánægjuefni er að sjá ýmis merki þess birtast á afmælisári Endurmenntunar.

Sem dæmi um það vil ég nefna að á síðustu misserum hefur Endurmenntun mótað sér nýja stefnu sem myndar sterka brú yfir í stefnu Háskóla Íslands, HÍ 26. Þar segir m.a.: „Hlutverk Endurmenntunar HÍ er að stuðla að betra samfélagi með því að efla þekkingu og hæfni, tengja fólk og skapa tækifæri.“ Þá hefur Endurmenntun endurskoðað allt kynningarefni sitt, lógó, útlit og auglýsingar, með þeim hætti að draga fram tengslin við lógó og allt kynningarefni Háskóla Íslands. Óhætt er að fullyrða að afar vel hafi tekist til í þeim efnum.

Á sama tíma hefur Háskóli Íslands leitast við að ryðja úr vegi helstu hindrunum fyrir nánari tengslum Endurmenntunar við aðra starfsemi skólans. Við upphaf þessa afmælisárs breyttum við t.d. sameiginlegum reglum Háskóla Íslands gagngert til að skerpa og skýra hlutverk Endurmenntunar og skapa traustari ramma utan um tengsl hennar við deildir skólans. Þá breyttum við verklagsreglum til að gera það eftirsóttara fyrir kennara Háskóla Íslands að halda námskeið hjá Endurmenntun. Núverandi stjórnendur Endurmenntunar, með Höllu Jónsdóttur, endurmenntunarstjóra, í fylkingarbrjósti, hafa líka kostað kapps um að efla tengsl stofnunarinnar við stoðsvið sameiginlegrar stjórnarsýslu, kennslusvið, markaðs- og samskiptasvið, mannauðssvið og upplýsingatækisvið. Þá hefur Endurmenntun hrint af stað kynningarherferð með heimsóknum í deildir og fræðasvið skólans. Loks má nefna að Endurmenntun styðst nú við ýmis stafræn tól og tæki sem Háskóli Íslands hefur innleitt á undanfórnum árum, svo sem Canvas og Inspira.

Góðir afmælisgestir, ég sagðist ætla að horfa til framtíðar. Mig langar að víkja sérstaklega að þrennu, sem ef vel tekst til, getur orðið til að styrkja stöðu Endurmenntunar á komandi árum og efla tengslin við aðra starfsemi HÍ. Mestu skiptir að við séum samstíga og tökum sameiginlega ákvarðanir um að efla þessi tengsl með formlegum og óformlegum hætti.

Í *fyrsta* lagi vil ég nefna að sú endurskoðun á viðmiðum um æðri menntun og prófgráður sem stjórnvöld vinna nú að felur í sér tækifæri fyrir Endurmenntun HÍ. Markmið íslenskra stjórnvalda er að færa íslenskar reglur og viðmið um námsframboð á háskólastigi nær evrópska hæfniramma. Það sem skiptir okkur sérstaklega máli í samhengi endurmenntunar og símenntunar er innleiðing og viðurkenning á svokölluðu *örnámi* (e. micro credentials). Örnám er skilgreint sem stutt nám er miðar að því að veita nemandanum sérstaka þekkingu eða hæfni. Slíku námi er m.a. ætlað að auka sveigjanleika háskólastigsins til að koma til móts við auknar samfélagsbreytingar, svo sem tæknibreytingar og breytingar í atvinnulífinu og fjölga tækifærum fólks til sí- og endurmenntunar. Eins og heyra má fellur lýsingin á örnáminu vel að markmiðum Endurmenntunar HÍ. Gert er ráð fyrir því að rammi örnáms fyrir evrópska háskólasvæðið verði tilbúinn um mitt næsta ár og þurfum við að móta okkur stefnu um framboð á örnámi við HÍ. Sú stefnumótunarvinna mun veita okkur kjörið tækifæri til að huga að tengslum Endurmenntunar og deilda Háskólans þegar kemur að námsframboði við skólann.

Í *öðru* lagi vil ég nefna mikilvægi þess að styrkja enn frekar stöðu námsbrauta og námslína Endurmenntunar HÍ og fjölga þar námsframboði á vegum deilda Háskóla Íslands. Á sama tíma þurfum við að tryggja að slíkt námsframboð lúti ávallt sams konar gæðaeftirliti og annað nám við Háskóla Íslands. Endurmenntun hefur sannarlega lagt sitt af mörkum til að tryggja gæðaeftirlit með öllu sínu námi, bæði með könnunum og eftir atvikum fagráðum. En eitt skilgreiningaratriði um örnám er að það skuli lúta sama gæðaeftirliti og annað háskólanám t.d. hvað ytri úttektir á vegum Gæðaráðs íslenskra háskóla áhrærir. Við þurfum að skoða mjög vel þau sóknarfæri fyrir Endurmenntun sem felast í samræmdu gæðaeftirliti þar sem það á við.

Í *þriðja* lagi langar mig að nefna mikilvægi óformlegra þátta við að efla tengsl Endurmenntunar við aðra starfsemi Háskóla Íslands. Mér sýnist að hér hafi mikið áunnist á undanförunum misserum en hér er líka mest verk að vinna enda er iðulega tímafrekast að rækta hina óformlegu þætti. Þeir varða atriði á borð við viðhorf og afstöðu, hversu vel við þekkjum til starfsvettvangs hvers annars, hversu viljug við erum að stofna til samstarfs og hversu greiðlega við komum auga á haginn sem leiðir af slíku samstarfi fyrir alla aðila. Ég geri mér grein fyrir því að þessa óformlegu eða persónulegu þætti ræktum við einkum með nánnum samskiptum og virkri samvinnu frá degi til dags.

Góðir gestir, Endurmenntun hefur verið lykilþáttur í starfi Háskóla Íslands á umliðnum fjórum áratugum og ég er sannfærður um að mikilvægi Endurmenntunar í starfi skólans eigi enn eftir að aukast á komandi árum. Það er von mín að þegar haldið verður upp á hálftrar aldar afmæli Endurmenntunar eftir tíu ár hafi hún styrkt stöðu sína enn frekar í íslensku samfélagi á grundvelli enn nánara samstarfs við deildir og fræðasvið skólans, og miðlæga stjórnsýslu. Fyrstu fjörutíu árin gefa svo sannarlega tilefni til bjartsýni. Innilegar hamingjuóskir til Endurmenntunar okkar allra!